

Skilmálar

Forritunarkeppni Arion banka 2016 (FinTech party)

Skilmálar þessir gilda um forritunarkeppni Arion banka árið 2016. Skilmálarnir og ákvæði hans gilda því um framkvæmd forritunarkeppninnar, þátttakendur, samband þeirra við bankann, og öll þau samskipti, lögskipti eða önnur atvik sem tengjast forritunarkeppninni og hún kann að hafa í för með sér.

Tilgangur forritunarkeppninnar er stuðla að nýsköpun og framþróun tækni á sviði fjármálaþjónustu. Í forritunarkeppninni fá þátttakendur að forrita og búa til lausnir fyrir almenning og neytendur, fyrirtæki eða í því skyni að setja fram gögn og upplýsingar með myndrænum og upplýsandi hætti, hvort sem er í formi hugbúnaðar, vefsíðu- eða þjónustu, eða með annarri birtingu gagna með notkun tækninýjunga.

1 Skilgreiningar

Í skilmálum þessum skulu neðangreind hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

<u>Skilmálarnir:</u>	Þessir skilmálar og öll ákvæði hans.
<u>Bankinn:</u>	Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og hverjir þeir starfsmenn bankans eða aðrir fulltrúar hans sem koma að forritunarkeppninni með einum eða öðrum hætti;
<u>Forritunarkeppnin:</u>	Forritunarkeppni Arion banka, haldin dagana 03.06.2016 til 04.06.2016, í höfuðstöðvum bankans við Borgartún 19, 105 Reykjavík;
<u>Þátttakandi:</u>	Einstaklingur sem uppfyllir skilyrði skilmálanna um þátttöku og tekur þátt í forritunarkeppninni á grundvelli skráningar í teymi með öðrum þátttakendum;
<u>Lausnir:</u>	Afrakstur vinnu þátttakenda og framlag þeirra í forritunarkeppninni, þar sem hönnuð og forrituð er lausn fyrir almenning og neytendur, fyrirtæki eða í því skyni að setja fram gögn og upplýsingar með myndrænum og upplýsandi hætti, í formi hugbúnaðar, vefsíðu- eða þjónustu, eða annarri birting gagna, sem felur í sér myndræna framsetningu upplýsinga eða efnis með notkun tækninýjunga;
<u>Gögnin:</u>	Þau gögn sem bankinn gerir aðgengileg þátttakendum í forritunarkeppninni í formi gagnasetts og innihalda tiltekna ópersónugreinanlegar upplýsingar, til dæmis debet- og kreditkorta færslur einstaklinga, aldur og kyn kortaeiganda, nöfn og heimilisföng þjónustuaðila og verslana, upplýsingar um gengi gjaldmiðla, markaðsgögn og upplýsingar úr ýmsum opinberum gagnagrunnum og gagnabönkum sem bankinn veitir aðgang að, svo sem á vegum Þjóðskrár, Hagstofu og annarra aðila. Þátttakandi getur óskað eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum

sem varðveittar eru hjá bankanum, og kunna þær þá að verða afhentar teymi þess þátttakanda þannig að þær séu persónugreinanlegar.

2 Þátttakendur og réttur til þátttöku

- 2.1 Skráning í forritunarkeppnina fer fram á vefsíðu bankans eða viðburðarins á fyrirfram auglýstum tíma. Í skráningarferli á vefsíðu skulu fyrirhugaðir þátttakendur veita þær nauðsynlegu upplýsingar sem óskað er eftir á skráningarsíðu og fylla að öðru leyti út umsókn um skráningu með fullnægjandi hætti.
- 2.2 Skilyrði fyrir þátttöku í forritunarkeppninni eru eftirfarandi:
 - a) Að þátttakandi sé sjálfráða einstaklingur 18 ára eða eldri;
 - b) Að þátttakandi hafa fyllt út skráningarform á skráningarvef keppinnar og að öðru leyti farið í gegnum skráningarferli með fullnægjandi hætti;
 - c) Að þátttakandi staðfesti þátttöku áður en forritunarkeppnin fer formlega fram með þeim hætti sem bankinn auglýsir.
- 2.3 Þátttakendur skipa sér í teymi við skráningu þar sem hámark 4 skulu vera saman í teymi. Hverjum þátttakanda er aðeins heimilt að skrá sig í eitt teymi.
- 2.4 Þátttakendum er skylt að fylgja þessum skilmálum. Sé það ekki gert getur þátttakandi misst rétt til þátttöku og/eða verðlauna.

3 Framkvæmd forritunarkeppinnar

- 3.1 Forritunarkeppnin fer fram í höfuðstöðvum Arion banka frá klukkan 12:00 föstudaginn 03.06.2016 og til klukkan 18:00 laugardaginn 04.06.2016.
- 3.2 Stjórn forritunarkeppinnar er í höndum þeirra starfsmanna bankans sem hann tilnefnir. Þátttakendum er skylt að fylgja fyrirmælum þeirra við framkvæmd forritunarkeppinnar. Brot á þeirri skyldu er jafnframt brot á skilmálum þessum.
- 3.3 Bankinn úthlutar afmörkuðum vinnusvæðum til þátttakenda. Þátttakendum er óheimilt að fara út fyrir afmörkuð vinnusvæði og svæði forritunarkeppinnar nema með samþykki bankans.
- 3.4 Við upphaf forritunarkeppinnar afhendir bankinn þátttakendum gögnin í formi gagnasetts. Þátttakendur skulu skila lausnum sínum fyrir lok forritunarkeppinnar klukkan 18:00 laugardaginn 04.06.2016. Lausnir sem berast eftir það tímamark eru ekki teknar gildar sem framlag í forritunarkeppninni og eigendur slíkra lausna geta ekki unnið til verðlauna á þeim grundvelli.
- 3.5 Bankinn áskilur sér rétt til breyta framkvæmd forritunarkeppinnar, gera breytingar á skipulagi hennar eða víkja frá fyrirhuguðu skipulagi og skilmálum þessum með þeim hætti sem bankinn telur nauðsynlegt. Ef tæknilegir erfiðleikar, ytri óviðráðanleg atvik eða aðrar ástæður koma í veg fyrir að forritunarkeppnin

verði haldin með þeim hætti sem bankinn telur fullnægjandi er honum heimilt að hætta við framkvæmd forritunarkeppninnar.

4 Aðferðir og lausnir þátttakenda

- 4.1 Lausnir þátttakenda skulu að frátöldu hugviti þátttakenda aðeins unnar úr gögnunum. Lausnir mega einnig byggja á opinberum gögnum, það er gögnum eru aðgengileg almenningi og þar með öllum þátttakendum, enda sé ekki um það að ræða að í lausnir séu notuð hugverk annarra.
- 4.2 Lausnir þátttakenda og útkoma vinnu þeirra í forritunarkeppninni skal vera í formi hugbúnaðar, vefsíðu eða þjónustu, eða annarri birtingu gagna, sem felur í sér myndræna framsetningu upplýsinga eða efnis með notkun tækninýjunga, hvort sem er í gegnum tölvu eða snjallsíma.
- 4.3 Lausnir skulu heyra til eins af tveimur neðangreindum flokkum:
 1. **Þjónustur sem styðja og efla núverandi bankaþjónustu (e. enable the bank)**– hugbúnaður, vefþjónusta, eða önnur lausn sem nýtist almenningi eða fyrirtækjum í daglegu lífi;
 2. **Þjónustur sem gera banka óþarfa (e. disrupt the bank)** – hugbúnaður, vefsíða- eða þjónusta eða önnur lausn sem byggir á samfélagsvæðingu (e. social collaboration), snjallsímalausnum eða íklæðanlegri tækni (e. wearables);
- 4.4 Hverju teymi þátttakenda er heimilt að senda inn margar lausnir og taka þátt í fleiri en einum flokki sem fjallað er um í greininni á undan. Hver lausn getur þó aðeins tilheyrt einum keppnisflokki.
- 4.5 Þátttakendur skulu með lausnum sínum fullnægja kröfum og leysa vandamál þess flokks sem lausnin tilheyrir, auk þess vinna að þeim tilgangi forritunarkeppninnar er stuðla að nýsköpun og framþróun tækni á sviði fjármálaþjónustu.
- 4.6 Við skil á lausnum skulu þátttakendur afhenda lausnir sínar með öllum þeim kóða, gögnum, upplýsingum, og efni sem nauðsynlegt er að bankinn og valnefnd geti með tæmandi hætti lagt fullnægjandi mat á lausnina, hvort sem er í heild sinni eða smærri atriði við hönnun, smíði eða virkni lausnarinnar. Til að eiga mögulegan rétt til verðlauna er þátttakendum skylt að verða við fyrirmælum bankans um frekari afhendingu eða ítarlegri upplýsingagjöf í þessu samhengi reynist upphafleg afhending ófullnægjandi.

5 Verðlaunafé og val á sigurvegurum

- 5.1 Verðlaunasæti eru eitt fyrir hvern flokk og að auki fyrir bestu tæknilegu framkvæmdina eða samtals þrjú talsins og eru teymi í heild sinni verðlaunuð fyrir árangur sinn í hverju sæti en ekki einstakir þátttakendur. Verðlaun forritunarkeppninnar verða kynnt á vefsíðu viðburðarins:
- 5.2 Bankinn skipar sérstaka valnefnd með þeim hætti sem hann kýs. Valnefndin

velur sigurvegara forritunarkeppninnar. Við mat á lausnum þátttakenda og val á sigurvegurum skal valnefndin líta til eftirfarandi atriða:

1. að lausnin nýti gögnin og önnur gögn eða upplýsingar með auðgandi hætti þannig að hún feli í sér sköpun verðmæta;
 2. að lausnin nýtist einstaklingum og almenningi í daglegu lífi, fyrirtækjum og viðskiptalífinu í starfsemi sinni og við ákvörðunartöku, eða feli í sér framsetningu gagna með upplýsandi hætti, allt eftir því hvaða flokki lausnin tilheyrir og;
 3. að lausnin feli í sér nýskapandi hugsun, hugmynd og/eða lausn á vandamáli.
- 5.3 Þegar niðurstöður valnefndar liggja fyrir tilkynnir bankinn um úrslit forritunarkeppninnar, ekki síðar en 04.06.2016. Bankinn hefur samband við sigurvegara á grundvelli upplýsinga sem þátttakendur veittu við skráningu.
- 5.4 Bankinn áskilur sér rétt til þess að veita öðrum þátttakendum verðlaunin en þeim sem valnefndin velur, svo sem ef ekki næst í tilnefnda sigurvegara, lausn reynist brjóta í bága við lög eða skilmálana, lausnin sæmir ekki tilgangi og/eða orðspori forritunarkeppninnar eða bankans, eða er að öðru leyti ekki hæf til verðlauna að mati bankans.

6 Trúnaðarskylda, meðhöndlun og notkun gagna

- 6.1 Þátttakendur mega aðeins nota gögnin og aðrar upplýsingar sem þeir fá í tengslum við forritunarkeppnina til þátttöku í keppninni sjálfri og til að hanna og smíða lausnir sínar. Öll önnur notkun gagnanna ótengd þátttöku í forritunarkeppninni er óheimil og á ábyrgð þátttakenda.
- 6.2 Gögnin og aðrar upplýsingar sem veittar eru þátttakendum eru ópersónugreinanlegar, nema þátttakandi óski upplýsinga um sig. Þátttakendur eru engu að síður bundnir trúnaði um öll gögn og upplýsingar sem bankinn veitir þeim eða þeir komast yfir með öðrum hætti við þátttöku í forritunarkeppninni. Trúnaðarskyldan nær til innihalds gagna og upplýsinga, eðli þeirra, uppruna og aðra þætti sem rétt er að trúnaður skuli ríkja um.
- 6.3 Trúnaðarskylda þátttakenda nær ekki til opinberra gagna og upplýsinga sem aðgengileg eru almenningi, eða upplýsinga sem þátttakendur búa sjálfir yfir með réttmætum hætti og eiga ekki rætur að rekja til bankans eða forritunarkeppninnar.
- 6.4 Bankanum er heimilt að nota öll gögn í tengslum við forritunarkeppnina, þar með talið gögn og upplýsingar sem notaðar eru eða verða til við hönnun, smíði, virkni og kynningu lausna þátttakenda eða vegna þátttöku þátttakenda að öðru leyti, í tengslum við undirbúning og framkvæmd forritunarkeppninnar, val á sigurvegara, veitingu verðlauna, og við almenna starfsemi bankans, meðal annars til að fullnægja kröfum laga og reglna um bankann, svo sem varðandi öryggi, geymslu gagna, leynd upplýsinga eða persónuvernd.
- 6.5 Bankanum er jafnframt heimilt að nota lausnir þátttakenda, svo sem gögn og

upplýsingar um lausnir og þátttakendur, í kynningarskyni með þeim hætti sem bankinn ákveður og sér að kostnaðarlausu, svo sem í auglýsingum, fyrirlestrum, á ráðstefnum, í höfuðstöðvum, útibúum og öðrum húsakynnum bankans og í öðru kynningarefni á hans vegum. Það sama gildir um myndefni, hljóðupptökur eða annað efni sem bankinn, þátttakendur eða þriðji aðili skapar við framkvæmd forritunarkeppninnar.

- 6.6 Þátttakendur geta óskað eftir því að notkun bankans samkvæmt greinum 6.4 og 6.5 á gögnum og upplýsingum um lausnir og þátttakendur verði ekki notuð í tilteknum tilvikum eða tilgangi. Bankanum ber að taka rökstudda afstöðu til slíkra beiðna þátttakenda en er ekki skylt að verða við þeim.
- 6.7 Bankinn ábyrgist að notkun persónuupplýsinga í tengslum við forritunarkeppnina grundvallist á heimild laga til slíkrar notkunar og að öll vinnsla persónuupplýsinga sé að öðru leyti í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

7 Hugverkaréttindi

- 7.1 Lausnir þátttakenda, að svo miklu leyti sem þær byggja ekki á réttindum þriðja aðila, hvort sem þær eru í formi hugbúnaðar, vefsíðu- eða vefþjónustu, framsetningu upplýsinga eða á öðru formi, skulu teljast eign þátttakenda. Með samþykki á skilmálum þessum veita þátttakendur bankanum hins vegar tímabundið leyfi í eitt ár frá lokum forritunarkeppninnar (e. non-exclusive license) til að nota lausnir þátttakenda.
- 7.2 Ef þátttakendur ákveða að þeir vilji framselja hugverkaréttindi að lausninni eða veita þriðja aðila einkarétt til notkunar á lausninni, óháð ákvæði 7.1 í skilmálum þessum, skulu þeir fyrst bjóða bankanum slíkt framsal eða leyfi.

8 Ábyrgðir og takmörkun ábyrgðar

- 8.1 Þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á því að notkun þeirra á gögnum og upplýsingum, sem og sjálfar lausnir þeirra, samræmist lögum og reglum, svo sem um hugverkarétt og um meðferð persónuupplýsinga, og brjóti ekki í bága við rétt þriðja aðila.
- 8.2 Bankinn ber enga ábyrgð á lausnum þátttakenda eða þátttöku þeirra í forritunarkeppninni og skulu þátttakendur halda bankanum skaðlausum vegna lausna þeirra, þátttöku í forritunarkeppninni og annarrar háttsemi þeirra.
- 8.3 Þátttakendur samþykkja að halda bankanum skaðlausum vegna krafna þriðja aðila á hendur bankanum sem eiga rætur að rekja til lausna þátttakenda, hugverka sem byggja á lausnum þeirra, eða nýtingu bankans á rétti sínum eða heimildum vegna lausna þátttakenda samkvæmt skilmálum þessum.
- 8.4 Þátttakendur bera sjálfir ábyrgð á greiðslu skatta og gjalda vegna verðlauna sem þeir vinna til í samræmi við lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og aðrar viðeigandi reglur. Bankinn ber enga skyldu til að greiða, halda eftir hluta verðlauna eða

veita aðstoð vegna greiðslu skatta og gjalda af verðlaunum.

- 8.5 Bankinn ber enga ábyrgð á tjóni eða óþægindum þátttakenda eða annarra aðila vegna tafa, seinkana eða breytinga á framkvæmd forritunarkeppninnar, eða ef hætt er við forritunarkeppnina. Bankinn ber enga ábyrgð á því að framkvæmd forritunarkeppninnar, svo sem aðgangur þátttakenda að gögnunum, gagnabönkum, annarri þjónustu eða aðstöðu sé óslitinn og án óþæginda fyrir þátttakendur, og ber bankinn enga skyldu til að bæta kostnað eða tjón af þeim ástæðum.

9 Önnur ákvæði

- 9.1 Komi upp ágreiningur milli bankans og þátttakenda vegna forritunarkeppninnar skulu aðilar gera tilraun til að sætta slíkan ágreining. Dómsmál um ágreining milli aðilanna skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 9.2 Með skráningu og þátttöku í forritunarkeppninni samþykkir þátttakandi þessa skilmála og að öll ákvæði hans skuli gilda um samband hans við bankann vegna forritunarkeppninnar. Þátttakandi samþykkir jafnframt að gangast við ákvörðunum bankans um skýringu skilmálanna komi upp vafi við túlkun á ákvæðum þeirra.
- 9.3 Bankanum er heimilt að gera breytingar á skilmálum þessum með hvaða hætti sem hann telur þörf á, án fyrirvara eða tilkynninga til þátttakenda eða annarra aðila sem koma að forritunarkeppninni.